



Einar Hákonarson sýnir nú 88 málverk að Kjarvalsstöðum og stendur sýningin til 25. október.

Þetta er fjórða einkasýning Einars, en hann hefur tekið þátt í mörgum alþjóðlegum sýningum og samsýningum hérlendis, og hlotið verðlaun erlendis fyrir málverk og grafík.

Myndin er af listamanninum við eitt verkanna á sýningunni að Kjarvalsstöðum. Tímamynd: Gunnar.



Myndina af Finni Jónssyni við tvö verka hans á sýningu Listasafnsins tók Guðjón Einarsson.


Listasafn Íslands:

Yfirlitssýning á verkum Finns Jónssonar

Í Listasafni Íslands stendur nú yfir yfirlitssýning á verkum Finns Jónssonar.

Finnur Jónsson hélt sína fyrstu einkasýningu í Reykjavík 1921, en síðan hefur hann haldið fjölmargar einkasýningar og tekið þátt í mörgum samsýningum, bæði hér heima og erlendis, m.a. átti hann verk á sýningu Der Sturm-hópsins 1925, á heimssýningunni í New York 1940 og á sýningu Evrópuráðsins 1970, sem bar heitið, Evrópa 1925, voru valin verk eftir Finn Jónsson.

Finnur Jónsson hefur hlotið margvíslega viðurkenningu fyrir list sína, heiðurspeninga, viðurkenningarskjöl og fjöldi boða um sýningar. Þá má nefna, að hann er heiðursfélagi í „Academica Internaztiona" (Tammaso Campanella) í Róm, heiðursfélagi Félags íslenzkra myndlistamanna, hlaut „Förste premia" á Listahátíð Norður-Noregs 1971. Finni hafa verið veitt heiðurslaun frá Alþingi síðan 1973 og hann var sæmdur stórriddarakrossi hinnar íslenzku fálkaorðu fyrir myndlistarstörf 1976.



Að Kjarvalsstöðum stendur nú listsýning, þar sem sýnd eru 77 málverk, kaffi- og blekteikningar og átta höggmyndir eftir Magnús Á. Árnason.

Elzta málverkið er frá 1917 en þau nýjustu eru unnin á þessu ári.

Sýningin stendur út októbermánuð.

Myndina af listamanninum við verk hans tók Gunnar.

Hagi h/f opnar nýja og glæsilega verzlun á Akureyri

KS-Akureyri. — Fyrir skömmu efndi fyrirtækið Hagi h/f á Akureyri til kynningar á starfsemi sinni. Tilefni þessarar kynningar var það, að nú hefur fyrirtækið opnað glæsilega verzlun að Glerárgötu 26, þar sem framleiðsluvörur þess eru til sýnis og sölu.


Í þessari nýju verzlun eru eldhúsinnréttingar, hillusamstæður, veggþiljur og fataskápar, og eru skáparnir nýjung hjá Haga. Eldhúsinnréttingar framleiðir fyrirtækið í fjórum flokkum og í hverjum flokki er hægt að velja frá tveim og upp í sjö liti. Eldhúsinnréttingarnar eru framleiddar í einingum, frá 20 cm upp í 1 metra og því getur fólk keypt hluta af eldhúsinnréttingu og síðar bætt við, ef því sýnist svo. Verð er mjög mismunandi eftir gerðum eða frá 200 þúsundum og allt að 450 þúsundum. Ódýrastar eru harðplastinnréttingar en dýrastar eru þær, sem smíðaðar eru úr massivu efni. Verzlunarstjóri þessarar nýju verzlunar er Óli Þ. Baldvinsson.

Hagi h/f rekur verkstæði að Óseyri 4 á Akureyri. Að undanförnu hefur fyrirtækið mjög aukið vélvæðingu á verkstæðinu, og eru afköst nú helmingi meiri en þau voru fyrir rúmlega ári.

Meðal þeirra nýju véla, sem keyptar hafa verið, er mjög fullkomin vél, sem límir plastdúk á þiljur, og er hún sú eina þeirrar gerðar hérlendis. Þá má einnig nefna landsins fullkomnustu vél, sem notuð er til þess að ganga frá köntum á innréttingum og þiljum. Á verkstæðinu á Óseyri vinna nú 18 manns, en voru aðeins 2, þegar fyrirtækið hóf verkstæðisrekstur. Aðalverkstjóri er Ingimar Friðfinnsson.

Nú er á prjónunum hjá Haga h/f að stækka verkstæðið, og þá með hugsanlegan útflutning á vörum sínum fyrir augum. Að sögn forráðamanna fyrirtækisins hefur gengið vel að selja framleiðsluvörur þess, og á þessu ári er búizt við, að salan nemi milli 90 og 100 milljónum króna. Þá er einnig áætlað að selja á árinu 1977 fyrir 150-180 milljónir króna. Auk verkstæðisrekstursins tekur fyrirtækið að sér steypu- og járnavinnu í sambandi við húsbyggingar, og vinna að staðaldri við það um 30 manns, en það er töluvert breytilegt eftir árstímum. Sigurður Hannesson múrarameistari stjórnar þeirri grein starfseminnar. Síðastliðið ár greiddi Hagi h/f um 40 milljónir í vinnulaun og á þessu ári er áætlað, að sú upphæð verði nálægt 60 milljónum.

Undanfarin 5 ár hefur fyrirtækið rekið verzlun að Suðurlandsbraut 6 í Reykjavík og er verzlunarstjóri þar Erlingur Friðriksson. Í stjórn Haga h/f eru: Haukur Árnason, sem jafnframt er framkvæmdastjóri, Sigurður Hannesson, Óli Þ. Baldvinsson og Herbert Jónsson.



Haukur Árnason framkvæmdastjóri Haga h/f stendur hér hjá svefnherbergisskápum, sem fyrirtækið hefur nýlega hafið framleiðslu á.